

**Sp.**

**346. Tillaga til þingsályktunar**

[176. mál]

um endurskoðun á opinberri þjónustustarfsemi.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja þegar í stað skipulega endurskoðun á opinberri þjónustustarfsemi með það fyrir augum að fela einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum ýmsa þjónustu eða verkefni, sem hið opinbera hefur nú með höndum.

**Greinargerð.**

Í stjórn málum hefur löngum verið ágreiningur um, hversu opinber þjónustustarfsemi eigi að vera umfangsmikil. Í því sambandi verður að gera greinarmun á félagslegri þjónustu, svo sem tryggingum, skólafræðslu, heilsugæslu o. s. frv., og svo hins vegar sérstakri þjónustustarfsemi, svo sem flutningum, viðgerðum, viðskiptum hvers konar o. s. frv.

Hvað hina almennu félagslegu þjónustu snertir er ekki deilt um tilveru hennar eða að hún skuli vera í höndum hins opinbera. Má enginn skilja þessa tillögu svo, að verið sé að leggja til að slík þjónusta verði lögð niður eða falin öðrum. Hins vegar beinist athyglin að tilhögun og rekstri þeirrar samfélagslegu þjónustustarfsemi, sem veitt er af hinum ýmsu ríkisstofnunum. Enginn vafi er á því, að með aukinni samvinnu við einstaklinga, félög eða fyrirtæki, sem gætu tekið að sér einstök verkefni, vissa afmarkaða þætti starfseminnar, mætti mjög bæta þjónustuna og koma á sparnaði og hagræðingu.

Þess er skemmt að minnast, að rekstur Tryggingastofnunar ríkisins var endurskoðaður með hagræðingu fyrir augum og skilað skýrslu þar að lútandi í febr. 1973. Niðurstöður þeirrar athugunar voru m. a. þær, að með samvinnu við banka og skýrsluvinnslufyrirtæki mætti breyta fyrirkomulagi þjónustunnar til hagræðis fyrir viðskiptavinum stofnunarinnar og sparnaðar fyrir hana sjálfa.

Annar meginþáttur þessarar tillögu beinist að hinni sérstöku þjónustustarfsemi, sem flokkast getur undir atvinnurekstur með einum eða öðrum hætti. Slík starfsemi á vegum hins opinbera hefur mjög færst í aukana á síðari árum. Minnt skal á, að fjárlög hafa á einum áratug hækkað úr 3 milljörðum kr. í 47 milljarða kr. Vitaskuld á verðbólgan stærsta þáttinn í þessari hækkun fjárlaganna, en vaxandi umsvif ríkisins hafa og haft sín áhrif.

Almenningur, stjórnmalaflokkar og hagsmunasamtök hafa tamið sér þann sið að gera kröfur á hendur ríkisvaldinu um hina margvíslegustu hluti, jafnt framkvæmdir sem þjónustu. Alþingismenn hafa gengið fremst í þessum hópi kröfugerðarmanna og verið ólatir við að flytja inn í þingið hvers konar kröfur, sem fram eru bornar.

Nú skal ekki gert lítið úr þeim þörfum, sem standa að baki slíkri kröfugerð. En það er auðvitað víðs fjarri að öll slík þjónustustarfsemi sem um er beðið þurfi að vera starfrækt af ríkisvaldinu. Flutningsmaður þessarar tillögu er þeirrar skoðunar, að það sé að jafnaði farsælla að einföld og viðráðanleg þjónustustarfsemi sé rekin á vegum sjálfstæðra fyrirtækja. Skal ekki farið út í rökstuðning fyrir því sjónarmiði, enda eru þær röksemdir margræddar og skýrðar.

Telja verður, að ríkisvaldið hafi nú þegar á sínum, vegum margvíslega starfsemi og þjónustu, sem kanna verður, hvort ekki verði falin öðrum aðilum í þjóðfélaginu með jafngóðum eða betri árangri. Þar má m. a. nefna prentsmiðjurekstur, verksmiðjur, verkstæði, mötuneyti, skipaútgærd, ferðaskrifstofu, flutningastarfsemi, bókaútgáfu, innflutning o. s. frv., o. s. frv. Alla slíka opinbera þjónustustarfsemi skal nú endurskoða með ofangreint markmið í huga.